

Helstu niðurstöður könnunar

Meðfylgjandi eru þau atriði úr skoðanakönnun RHA sem undirritaður telur skipta mestu máli við ákvörðun um framhald á fyrrikomulagi skólaksturs og almenningsamgangna:

- Alls staðar í sveitarfélaginu er mikill meirihluti heimila fylgjandi því að bjóða upp á almenningsamgöngur eða 79% en 10% eru því ósammála.
- Varðandi það hvort gjaldtaka myndi hafa áhrif á notkun almenningsamgangna þá er það áberandi niðurstaða að flestir telja að hún muni engin áhrif hafa. Það er þó 23% fjölskyldna sem þegar nota almenningsamgöngur sem telja að þær myndu minnka notkunina.
- Meirihluti barnanna, eða um 60%, ferðast með skólabíl í grunnskóla, 26% ferðast gangandi og 14% ferðast akandi með foreldrum eða öðrum heimilismedlimum.
- Á flestum heimilum eða 65%, voru einungis barn/börn á grunnskólaldri en á 35% heimila voru börn á grunn- og framhaldsskólaldri.
- Heimili þar sem aðeins eru börn í grunnskóla eru óánægðari með að skólaakstri hafi verið flýtt til að samnýta með almenningsamgöngum, heldur en heimili þar sem eru bæði börn í grunn- og framhaldsskóla.
- 51% heimila sem nota skólaakstur eru ánægð með breytingu á skólaakstri þannig að hann sé samþættur almenningsamgöngum en 43% óánægð.
- 47% heimila sem koma með bíl í skóla eru ánægð með breytingu á skólaakstri þannig að hann sé samþættur almenningsamgöngum en 46% óánægð.
- Spurt var um viðhorft til að flýta skólabyrjun. Meirihluti heimila, eða 51%, voru á móti en 35% heimila voru jákvæð gagnvart þessari breytingu.
- Spurt var um ánægju eða óánægju með þjónustu í biðtíma, þ.e. morgunverð, afþreyingu og gæslu. Meirihluti heimila er ánægður með morgunverð (57%), 45% eru ánægð með afþreyingu og 46% ánægð með gæslu. Minni hluti var óánægður í öllum tilvikum og meira en þriðjungur tók ekki afstöðu.

Hafa ber þó í huga að meirihluti allra heimila, eða 51% heimila er óánægð með að skólaakstri hafi verið flýtt til að samnýta með almenningsamgöngum á móti 39% ánægðra heimila. Óánægjan virðist helst vera vegna þess hve börnin þurfa að vakna snemma og hvernig staðið var að ákvarðanatöku í þessu máli.

25. apríl 2014

Jónas Vigfússon, sveitarstjóri